



28. maí 2025
Tilv.: 2505007

SEL II hs.
Borgartúni 19
105 Reykjavík

Efni: Staðfesting lýsingar SEL II hs.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hefur að undanfögnu haft til athugunar drög að lýsingu fyrir SEL II hs. sem samanstendur af útgefandalýsingu, verðbréfalýsingu og samantekt.

Fjármálaeftirlitið hefur gert ýmsar athugasemdir við form og efni þeirra draga sem lögð hafa verið fram og fengið svör og úrbætur og vísast um það til bréfaskipta og viðræðna við tengilið SEL II hs. Yfirferð fjármálaeftirlitsins er gerð með tilliti til laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (llv.) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. Athugun fjármálaeftirlitsins á fyrrnefndri lýsingu er nú lokið.

Með vísan til 3. mgr. 5. gr. llv. staðfestir fjármálaeftirlitið lýsingu SEL II hs., dags. 28. maí 2025, sem samanstendur af útgefandalýsingu, verðbréfalýsingu og samantekt.

Gjaldskrá Seðlabanka Íslands vegna sértækra aðgerða fjármálaeftirlitsins gildir um yfirferð fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 6. gr. llv. Reikningur verður sendur innan skamms.

Virðingarfyllst,

Aðalsteinn Eymundsson
forstöðumaður
háttsemiseftirlit

Ásmundur Ingvi Ólason
sérfræðingur í lýsingum
háttsemiseftirlit

